

Jól.tbl.

19. des 2024

30. árg.

# Hlaupastelpan

Gleðileg jól!



*Hlaupastelpan óskar lesendum og auglýsendum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar og friðar á nýju ári.*

*Þakka góð samskipti liðinna ára.*

*Guð veri með ykkur öllum þessa hátíð.*

*Hugsum til þeirra er eiga erfitt og hágt á þessum tímum.*

Hlaupastelpan kemur næst út þann

**8. janúar 2025**



2024

# Gleðilega hátíð & farsælt komandi ár

*Kveðja frá starfsfólki  
Vatnajökulsþjóðgarðs*



  
Vatnajökulsþjóðgarður  
National park

  
unesco  
World Heritage site

Víti í Öskju



*Sendi sveitungum mínum ættingjum og vinum  
mínar bestu jóla- og nýjársoðskír  
með kærri þökk fyrir liðin ár.*

*Jólaþveðja,  
Kæja á Krossi*



*Kæru ættingjar og vinir  
bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.  
Kær þveðja*

*Guðríður á Veturlíðastöðum*



*Sendum öllum vinum og vandamönnum  
bestu jóla og nýjárskveðjur, með þökk fyrir allt gamalt og gott.*

*Örnólfur, Fríða, Dóróthea og Ólöf.*



*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir*

*Við óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.*

*Með kæru þakklæti fyrir hlýhug og kærleik á liðnu ári*

*Villi, Guðný og fjölskylda*



*Sendum ættingjum okkar og vinum  
innilegar jóla og nýárskveðjur*

*Þökkum liðið*

*Halldór og Elínborg, Byrgisholti.*



*Sendum öllum sveitungum og vinum  
Kærar jóla- og nýárskveðjur*

*Þökkum góð samskipti á árinu*

*Kveðja*

*Ketill og Gunna Vala*



*Ég sendi öllum heim kærar jólakveðjur sem sækja  
opið hús eldri borgara og þakka starfsfólki  
Þingeyjarsveitar og þá sérstaklega Svönu og  
Hönnu Möggu fyrir frábært og gefandi starf.*



*Kærar hátíðarkveðjur  
Halla Lovísa í Álftagerði*



*Kæru íbúar Háls-Ljósavatns og Lundarbrekkusóknna.  
Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og farsælt komandi ár.  
Sr. Magnús G Gunnarsson og Halla Halldórsdóttir*



*Kæru sveitungar, ættingjar og vinir*



*Við sendum ykkur hugheilar óskir um  
gleðiríka jólahátíð og farsæld á komandi ári  
með kærri þökk fyrir liðna tíð.*

*Jólaþveðja*

*Siggi og Tóta, Bakkatröð 40, Hrafnagili*

*Jólaþveðja*

*Sendum ættingjum og vinum okkar bestu  
jóla og nýársóskir með þökk fyrir  
hlýhug og vínáttu á liðnum árum.*



*Inga og Þórhallur frá Kambsstöðum*



*Sendum ættingjum og vinum nær og fjær  
hugheilar jóla -og nýársþveðjur.  
Þökkum vínáttu og hlýhug gegnum árin.*

*Kærar jólaþveðjur frá  
fjölskyldunni á Öxará*

## *Gudsþjónustur um hátíðarnar í Mývatnssveit*



***Jóladagur 25. desember 2024***

*Sameiginleg hátíðargudsþjónusta sóknanna á jólum  
verður í Skútustaðakirkju 25. desember jóladag klukkun 11:00*

***Nýársdagur 1. janúar 2025***

*Sameiginleg hátíðargudsþjónusta sóknanna á Nýársdag 2025 verður  
í Reykjahlíðarkirkju klukkun 14:00*

*Gledilega hátíð  
sr. Örnólfur*

*"P.s.*

*okkur langar til að bjóða ykkur að þygga kaffi og með því í Prestshúsinu á  
Skútustöðum eftir messuna á Nýársdag.*

*Örnólfur og Fríða."*

## ***Helgihald um jól í Grenjadarstaðarprestakalli hinu forna***



*25. des. Hátíðamessa Einarstöðum kl. 14:00*

*25. des. Hátíðamessa Grenjadarstað kl. 16:00*

*26. des. Hátíðamessa Nesi kl. 14:00*

*26. des. Hátíðamessa Þóroddsstað kl. 14:00*

*Prestur á Þóroddsstað: Séra Örnólfur J. Ólafsson*

*Gud gefi ykkur öllum gledileg jól.  
Séra Þorgrímur.*

# Jólaþveðja



**HSN**  
Heilbrigðisstofnun  
Norðurlands

Starfsfólk á Heilbrigðisstofnun Norðurlands  
sendir Norðlendingum og landsmönnum öllum  
hugheilar óskir um gleðileg jól,  
góða heilsu og farsæld á nýju ári.

## Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum,  
veflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**hlaupastelpan@isl.is**

**Hálfsiðuauglýsing**

**kr. 4.600.- m.vsk**

**heilsíðuauglýsing**

**kr. 6.620.- m.vsk.**

**Jólaþveðjur**

**kr. 3.000.- m.vsk**

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>





## Helgihald um jól og áramót í Laufásprestakalli

24. desember Aðfangadagur  
Hátíðarguðsþjónusta Svalbarðskirkju kl.16  
Hátíðarguðsþjónusta Grenivíkurkirkju kl.18

25. desember Jóladagur  
Hátíðarguðsþjónusta í Hálskirkju kl.14  
Hátíðarstund í Þorgeirskirkju kl.16

26. desember Annar dagur jóla  
Hátíðarguðsþjónusta í Laufáskirkju kl. 14  
Hátíðarstund í Lundarbrekkukirkju kl.18

31. desember Gamlársdagur  
Hátíðarguðsþjónusta í Grenivíkurkirkju kl.17

5. janúar sunnudagur  
Hátíðarguðsþjónusta í Draflastaðakirkju kl.14

**Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og farsælt komandi ár!**

sr. Magnús G. Gunnarsson



## Jólakveðja

*Í mínu minni.....*



*Loga ljós í glugga  
litlu geislarnir skína.  
Líta á langa skugga  
leika við féлага sína.*

Spennan í loftinu eykst, dagarnir styttest og jólin nálgast óðfluga. Eftirvænting í loftinu, sér í lagi hjá yngri kynslóðinni – jólasveinar, jólagjafir, jólamatur og dýrmætar samverustundir með fjölskyldu og vinum, hefðum og siðum. Í aðdraganda jólahátíðarinnar hefur mér oftar en ekki verið hugsað til barnæskunnar þar sem undirbúningur jólanna var talsvert öðruvísi en í dag. Rólega og friðsæla jólastemmingin hefur breyst úr einfaldleika sínum og hófsemi. Hraði, kröfur og áreiti skyggja á boðskapinn og barnslega gleði og hið margumrædda jólastress er fódrað sem aldrei fyrr.

Undirbúningurinn einkenndist af nægjusemi. Jólafötin voru heimasaumuð, oftar en ekki voru nýtt gömul föt til að sauma upp hversdagsföt, en í jólafötin voru keypt ný efni. Jólábaksturinn var í nóvember og baukarnir innsiglaðir svo við laumuðumst ekki í þá áður en jólahátíðin gengi í garð. Ávextir voru ekki á borðum daglega og minningin um epla og appelsínukassana sem keyptir voru í kaupfélaginu yljár og lyktin sem fylgdi þeim er ógleymanleg – með þeim kom jólalyktin. Á þorláksmessu voru útiseriurnar hengdar upp og um kvöldið var jólatréð skreytt. Á aðfangadag var beðið eftir barnadagskrá sjónvarpsins og svo var biðin frá því að útsendingu lauk og þar til jólin voru hringd inn oft fjarskalega löng.

Spennan í loftinu var síst minni þá en er í dag, en spennan var öðruvísi og biðin eftir jólunum líka.

*Gleði í augum, góðleg andlit.  
Yl í hjarta, allt ég finn.  
Ljúf í mínu minni merlar jólagleði,  
sækir á í sinni.*

Aðfangadagskvöld, klukkur Dómkirkjunnar hringja jólin inn, gleðin og spennan, góður matur, þoppvask og pakkar. Ekki brást að í einhverjum þökkum voru bækur og sérstök tilhlökkun var að skríða upp í rúm með bók og konfekt og lesa langt fram á nótt.

Jólin bera með sér þá töfra sem felast í einfaldleikanum – að tengjast öðrum, að vera til staðar fyrir þá sem við elskum, að skapa minningar sem verða okkur dýrmætar. Jólin eru einnig áminning um það sem við höfum og það sem við viljum varðveita og það sem skiptir máli

*Töfrandi tónar,  
tímanna seiður,  
fjölskyldu faðmur,  
friðarins jól.*

Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.



## Jólabingó Mývetnings

### Í ár verður jólaspilabingó!

Fimmtudaginn 19. des ætlar Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag að halda jólabingó! Bingóið verður haldið í Reykjahlíðarskóla og hefst kl. 17:00.

Spjaldið kostar 1000 kr.




Nemendafélag skólans verður með smá sjöppu.



Athugið að ekki er posi á staðnum.

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga saman góða stund í amstri jólanna.



## JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN



Vogafjós  
Restaurant - Café  
Guesthouse

## **Leikskólakennari óskast til starfa við leikskólann YI í Mývatnssveit sem fyrst. Um er að ræða 100% starf.**

Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samreknir. 22 nemendur eru í leikskólanum á aldrinum 1 árs til 5 ára. Leikskólinn er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsueflingu, vináttu, leik og útikennslu. Mikið og gott samstarf er á milli leik- og grunnskólans og íþróttamiðstöðvarinnar.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan starfsmann. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum, með góða þekkingu og reynslu af leikskólastarfi.

### **Helstu verkefni og ábyrgð**

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skólans undir stjórn yfirmanns.
- Vinna í nánun samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann

Sinna verkefnum er varðar uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum

### **Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun, uppeldis- og menntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta

Reynsla af starfi leikskólakennara er mikill kostur

### **Við leitum að starfsfólki sem**

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu

Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, hreint sakarvottorð og hafa náð þrepi C1 í íslensku.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og víðeigandi stéttarfélags.

### **Umsóknarfrestur er til 20. desember 2024**

Umsóknir skal senda til skólastjóra [hjordis@reykjahlidarskoli.is](mailto:hjordis@reykjahlidarskoli.is) Með umsókn skal fylgja greinagóð ferilskrá, kynningarbréf og meðmælendur.

Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á <https://www.reykjahlidarskoli.is/leikskoli>

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, [hjordis@reykjahlidarskoli.is](mailto:hjordis@reykjahlidarskoli.is) og í síma 464-4375.



## Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Yl í Reykjahlíðarskóla

Leikskólinn Ylur auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Um er að ræða gefandi og skemmtilegt stjórnunarstarf í góðu starfsumhverfi barna og fullorðinna. Tækifæri til faglegar starfsþróunar og þátttaka í þróun á starfinu. Leitað er að leikskólakennara með leiðtoga hæfileika sem er tilbúinn að taka þátt í að leiða áfram metnaðarfullt og faglegt starf leikskólans.

Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit en grunnskólinn, Reykjahlíðarskóli og leikskólinn Ylur eru samreknir, undir stjórn sama skólastjóra. Í leikskólanum eru 22 börn á aldrinum 1 – 5 ára. Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á heilsuefningu, vináttu, leik og útikennslu. Mikið og gott samstarf er á milli leik- og grunnskólans og íþróttamiðstöðvarinnar í Mývatnssveit.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan leikskólakennara. Leitað er að einstaklingi með góða hæfni og lipurð í samskiptum, með góða þekkingu og reynslu af leikskólastarfi og hæfni til að veita faglega forystu

### Helstu verkefni og ábyrgð

Fer með daglega stjórnun í leikskólanum. Er faglegur leiðtogi og stuðningur við aðra starfsmenn leikskólans.

Vinna að skipulagningu kennslu- og uppeldisstarfsins í samráði við skólastjóra.

Staðgengill skólastjóra í fjarveru hans.

Sinnir starfi deildarstjóra á annarri deild leikskólans.

Virkur þátttakandi í mótun stefnu leikskólans og áætlunargerð með skólastjóra.

Samskipti og samvinna við foreldra.

Sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu.

Góð reynsla af starfi í leikskóla

Reynsla af stjórnun æskileg.

Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.

Mjög góð hæfni og lipurð í samskiptum.

Sjálfstæði og frumkvæði.

Góð íslenskukunnátta

### Við leitum að starfsfólki sem

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu

Hefur reynslu/menntun af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, hreint sakarvottorð og góða íslenskukunnáttu í töluðu og rituðu máli.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL (Félags Stjórnenda á Leikskólum)

Starfið er laust frá 1. febrúar 2025. **Umsóknarfrestur er til 6. janúar 2025.**

Sveitarfélagið hefur laust leiguhúsnæði til umráða.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri Reykjahlíðarskóla, Hjördís

Albertsdóttir, [hjordis@reykjahlidarskoli.is](mailto:hjordis@reykjahlidarskoli.is) og í síma 464-4375.

Nánari upplýsingar um leikskólann er hægt að finna á <https://reykjahlidarskoli.is/leikskoli>



## FLUGELDAMARKAÐUR 2024 Hjálparsveit skáta Aðaldal

Verður með sinn árlega flugeldamarkað  
í húsnæði sínu að lðjugerði 1  
(norðan við Ýdali).

Sunnudaginn 29. des frá 14:00 til 21:30

Mánudaginn 30. des frá 14:00 til 21:30.

Lokað á Gamlársdag

Flugeldasímar:

8695776 – Arnar

857-7373 Rut.

[Meira á facebook/Hjálparsveit Skáta Aðaldal](#)

Okkar styrkur er ykkar hagrur.



## Takið eftir!

Hið árlega böggla-uppboð og dansleikur H.F.P.  
verður haldið í Ljósveitningsbúð 4. Janúar og  
hefst kl. 20:00

Norðlensku Molarnir úr Skagafirði leika fyrir  
dansi. **Engin posi verður á staðnum og ekki  
verða seldir goddrykkir eða aðrir drykkir.**

Dansæfingar verða í Ljósveitningabúð kl. 18:00

Föstudagana 28.febr 21.mars 11. Apríl.

Allir hjartanlega velkomnir á þessa viðburði.

Hittumst hress.

Harmonikufélag Pingeyinga



*Jarðböðin við Mývatn óska öllum  
gleðvirkrar hátíðar og farsældar á nýju ári.  
Við hlökkum til að skapa fleiri minningar  
með ykkur árið 2025.*

*Opnunartími yfir hátíðarnar:*  
*24.-25.12: 12:00-16:00*  
*26.-30.12: 12:00-22:00*  
*31.12: 12:00-16:00*  
*1.1: Lokað / Closed*



JARÐBÖÐIN  
VIÐ MÝVATN





ORKURANNSÓKNASJÓÐUR

# Deilum við framtíðarsýn?

Við hjá Landsvirkjun eigum okkur framtíðarsýn um sjálfbæran heim, knúinn endurnýjanlegri orku. Við viljum vera stolt af þeirri jörð sem við afhendum komandi kynslóðum. Þessi framtíðarsýn verður að veruleika ef við leggjum öll hönd á plóg. Rannsóknarverkefni sem tengjast orku- og umhverfismálum geta skipt þar sköpum.

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála, þar með eru taldar rannsóknir á sviði umhverfisáhrifa, orkuskipta og loftslagsmála.

**Umsóknarfrestur er út mánudaginn 13. janúar 2025.**

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna á vefsíðunni [landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur](https://landsvirkjun.is/orkurannsoknasjodur)